



Fundur háskólaráðs 7. mars 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 29.02.2000 11:55:36
Dags: 07.03.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

2/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, þriðjudaginn 7. mars, kl. 13³⁰ var haldinn fundur í háskólaráði.

1. Bókuð erindi milli funda.

- 1.1 Lagt fram bréf menntamálaráðherra dags. 22. febrúar 2000. Ráðherra hefur skipað Pál Skúlason rektor Háskóla Íslands til fimm ára frá 5. september 2000 að telja til 30. júní 2005. Guðmundur G. Haraldsson, varaforseti háskólaráðs, skýrði málið og las bréfið. Ráðið óskaði rektor heilla í starfi.
- 1.2 Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 15. febrúar 2000 ásamt samkomulagi sem Háskóli Íslands, Íslensk erfðagreining ehf. og Reykjavíkurborg gera með sér í því skyni að efla samstarf og stuðla að uppbyggingu öflugrar vísinda- og atvinnustarfsemi á sviði heilbrigðisvísinda og líftæknirannsókna á Háskólasvæðinu. Rektor fékk heimild ráðsins milli funda til þess að ganga frá samkomulagi við Íslenska erfðagreiningu og Reykjavíkurborg.
- 1.3 Lagt fram bréf rektors til menntamálaráðherra dags. 22. febrúar 2000, þar sem þess er óskað að ráðherra hlutist til um að afla tilskilinnar lagaheimildar handa Háskóla Íslands til að stofnunin geti selt hlut sinn í Internet á Íslandi hf. (Intís), sbr. 2. tölul. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs og formaður stjórnar Intís, skýrði aðdraganda málsins.
- 1.4 Samþykkt verði að skrásetningargjald háskólaárið 2000-2001 verði kr. 25.000 í samræmi við ákvæði 3. mgr. laga um Háskóla Íslands. Reglur um greiðslu gjaldsins verði jafnframt óbreyttar frá fyrra ári. – Samþykkt einróma.
- 1.5 Samþykkt verði það frávík frá reglum að sjúkra- og upptökupróf verði haldin á tímabilinu 19.-26. ágúst 2000, þar sem kennsla í flestum deildum hefst fyrr (28.8.-1.9.2000) vegna ráðstefnu Norðurlandaráðs sem verður haldin í Háskólabíói í byrjun nóvember. – Samþykkt einróma.
- 1.6 Rektor hefur samþykkt erindi námsbrautar í hjúkrunarfræði um að stúdentum sem fá að halda áfram námi á 2. misseri 1. árs háskólaárið 1999-2000 verði fjölgað um 9. Um er að ræða þá 9 stúdentu sem náðu lágmarkseinkunn í öllum samkeppnisprófum, en voru utan við þann hóp sem öðlaðist rétt til áframhaldandi náms, sbr. ákvörðun háskólaráðs frá 18. mars 1999.

- 1.7 Rektor hefur samþykkt erindi stjórnarnefndar lyfjafræði lyfsala um að stúdentum sem fá að halda áfram námi á 2. misseri 1. árs háskólaráðið 1999-2000 verði fjölgað um 1, úr 12 í 13.
- 1.8 Skipuð verði fimm manna stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands til þriggja ára sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 212/1990 um Alþjóðamálastofnun. Lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild og félagsvísindadeild hafa tilnefnt sína fulltrúa í stjórnina í bréfum til rektors.
Tillaga um skipun stjórnarinnar:
Gunnar G. Schram prófessor, tilnefndur af lagadeild
Guðmundur K. Magnússon prófessor, tilnefndur af viðskipta- hagfræðideild
Gunnar Helgi Kristinsson prófessor, tilnefndur af félagsvísindadeild
Anna Agnarsdóttir dósent í heimspekideild skipuð af háskólaráði án tilnefningar
Sverrir Haukur Gunnlaugsson ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti skipaður af háskólaráði án tilnefningar.
- Samþykkt einróma.
- 1.9 Lagðar fram reglur um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands, sem samþykktar voru á deildarfundi heimspekideildar 10. desember 1999. Undirnefnd vísindanefndar og kennslumálanefndar hefur farið yfir reglur þessar með hliðsjón af “Rammareglum um rannsóknánám við Háskóla Íslands” sem samþykktar voru í háskólaráði 14. maí 1998 og gert fáeinar breytingar sem heimspekideild hefur samþykkt.
- 1.10 Háskólaráð samþykki flutning tölvunarfræðiskorar úr raunvísindadeild yfir í verkfræðideild. Báðar deildirnar og skorin hafa samþykkt flutninginn. Miðað er við að þessi ráðstöfun gildi frá upphafi háskólaársins 2000-2001. Gerðar verði nauðsynlegar breytingar á reglugerð. – Samþykkt einróma.
- 1.11 Erindi frá Jóni G. Friðjónssyni, forseta heimspekideildar, um túlkun á framgangsreglum. Rektor var falið að svara erindinu.

2. Mál til kynningar

1. Kosning í nýtt háskólaráð frá 15. september 2000.
2. Svör við fyrirspurnum stúdenta frá síðasta fundi, 13. janúar 2000.
3. Bréf nefndar um viðurkenningu til ríkisstofnana og formanna ríkisstofnanna.
4. Viljayfirlýsing milli Háskóla Íslands og sjúkrahúsanna í Reykjavík, dags. 15. febrúar 2000.
5. Drög að bréfi rektors til menntamálaráðuneytis um drög viðræðuhóps um samstarf heilbrigðisstofnana og Háskóla Íslands, dags. 8. nóvember 1999.
6. Rammasamningur um byggingu “Nýheima” á Höfn í Hornafirði.
7. Samstarf til sóknar, Skýrsla Rannsóknaráðs Íslands – samstarf rannsóknastofnana og háskóla.
8. Úthlutun úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

3. Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar. Fyrir fundinum lá fjárlagaerindi Háskóla Íslands fyrir árið 2001, sem sent var menntamálaráðuneyti 25. febrúar s.l. með fyrirvara um samþykkt háskólaráðs.

Ingjaldur gerði grein fyrir erindinu. Erindið var rætt ítarlega og sérstaklega framlag til rannsókna. Í erindinu felst ósk um hækkun sem hér segir:

Til kennslu vegna fjölgunar nemenda	183 m.kr.
Til rannsókna	100 m. kr.
Til alþjóðaskrifstofu	4 m. kr.
Til annarra verkefna	61 m.kr.
Alls	348 m.kr.

Háskólaráð samþykkti fjárlagaerindið fyrir árið 2001 einróma með þeirri breytingu að hækkun fjárveitinga til rannsókna verði 150 m.kr. í stað 100 m.kr.

4. Ingjaldur fór yfir fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2000. Fram var lögð áætlun um viðbótarfjárveitingu á árinu vegna fjölgunar nemenda í samræmi við samning um kennslu, vinnuafla við gerð rekstraráætlunar ársins 2000 og yfirlit yfir tekjur og gjöld ársins 1999. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri eru tekjur og gjöld ársins 1999 í jafnvægi. Fjárhagsáætlun ársins 2000 og rekstrarreikningur ársins 1999 voru rædd.
5. Fyrir voru teknar tillögur deilda og námsbrauta um fjöldatakmörkanir háskólaráðið 2000-2001.
 - Tillaga lyfjafræði lyfsala um að takmarka fjölda nema við 12 að loknum samkeppnisprófum.
 - Tillaga námsbrautar í hjúkrunarfræði um að takmarka fjölda hjúkrunarnema við 65 að loknum samkeppnisprófum og að 8 nemar fái að hefja nám í ljósmóðurfræði haustið 2000.
 - Tillaga frá námsbraut í sjúkráþjálfun um að takmarka fjölda nema að loknum samkeppnisprófum við 18.
 - Tillaga frá tannlæknadeild um að takmarka fjölda nema við 6 að loknum samkeppnisprófum.
 - Tillaga frá félagsvísindadeild um inntöku í viðbótarnám við deildina. Í hagnýta fjölmiðlun 15 nemar, í námsráðgjöf 16 nemar, í félagsráðgjöf 18 nemar og í kennslufræði til kennsluréttinda 70 nemar þar af 50 í fullu námi sem ljúki á einu ári og 20 í hlutanámi sem taki 2 ár.
 Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.
6. Fram voru lögð drög að erindisbréfi fyrir deildarforseta dags. 12. janúar 2000.
7. Rektor lagði fram tímaáætlun fyrir fundi háskólaráðs fyrir tímabilið mars til júní árið 2000 og háskólafund sem haldinn verður 18. og 19. maí í vor. Ennfremur drög að minnisblaði um mál til umfjöllunar í háskólaráði á næstunni. Minnisblaðið var rætt.

Fleira var ekki gert
Fundu slitið kl. 16⁰⁵